

1. júní 1981.

437

Nr. 266.

REGLUGERÐ

um bensíngjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 2. júní 1981 nema kr. 1,57 af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 2. júní 1981. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki. Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 627/1980 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 2. júní 1981, skal greiða kr. 0,33 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, er á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni eða meira þann 2. júní 1981, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna, er fram fór fyrir 2. júní 1981.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 627/1980 úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. júní 1981.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Lárus Ögmundsson.